



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík



Reykjanesbær, 7. janúar 2021

Mál nr. 2020110267

Efni: Umsögn um viðbætur Umhverfis- og auðlindaráðherra við gildandi

Landsskipulagsstefnu

Skipulagsstofnun hefur óskað, með bréfi dags 13. nóvember 2020, eftir umsögn um viðbætur Umhverfis- og auðlindaráðherra við gildandi Landsskipulagsstefnu. Frestur til að senda inn umsögn er til og með 8. janúar 2021.

Það er gott að settar séu leiðbeiningar og markmið á landsvísu svo markmið verði samræmd, árangur mælanlegur og samanburðarhæfur milli sveitarfélaga. Viðbætur í landsskipulagsstefnu falla ágætlega að stefnu sveitarfélagsins í skipulagsmálum og öðrum stefnum sem þegar hafa verið lagðar fram eða er unnið að. Má þar nefna lýðheilsustefnu og loftsslagstefnu sem ásamt Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eru nú þegar leiðbeinandi t.d. í vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Reykjanesbæjar. Áhersla er á þettingu byggðar sem styrkir góðar almenningssamgöngur, styttr ferðatíma (eða lengir minna) og fer betur með land þegar óhreyft land er ekki brotið fyrir nýja byggð. Einnig er unnið að verndun og endurheimt votlendis t.d. við Fitjar.

Með skipulagsvaldinu bera sveitarfélögini þungann af landsskipulagsstefnunni. Því er mikilvægt að með stefnunni fylgi stuðningur við að hrinda henni í framkvæmd hvort heldur er í formi ráðgjafar og leiðbeininga eða sem beinn fjárhagslegur stuðningur til sveitarfélaga og/eða annarra sem standa að skipulagsáætlunum. Sem dæmi er frekari stuðningur ríkisins æskilegur við almenningssamgöngur sem lögð er áhersla á í landsskipulagsstefnunni en stór atvinnusvæði ná oft yfir fjlémennari og fámennari sveitarfélög sem eiga erfiðara með að halda úti öflugum almenningssamgöngum. Suðurnesin eru ágætt dæmi um þetta. Eina svæðið þar sem ríkið fer með skipulagsvaldið er á Keflavíkurflugvelli en áhugavert verður að fylgjast með hvernig henni verður framfylgt á því svæði. Búast má við að það hafi áhrif á nærsamfélögini, Reykjanesbæ þar á meðal, t.a.m. við útfærslu á stefnu um loftslagsvænar samgöngur og landnotkun, sérstaklega út frá viðtæku atvinnusvæði flugvallarins. Einnig er brýnt að horft sé til fyrirhugaðra breytinga á skipulagslögum sem gerðar verða með því markmiði að einfalda og flýta fyrir skipulagsferlinu svo eitt vinni ekki gegn öðru. Einnig þarf að sýna með markvissum, skýrum og mælanlegum hætti á hvern veg skipulagsáætlanir uppfylla markmið sem sett eru í skipulagsstefnunni ef hún á að vera annað og meira en orðin tóm.

Kjartan Már Kjartansson
Kjartan Már Kjartansson
REYKJANESBÆ
Bæjarstjóri

Afrit: Samband íslenskra sveitarfélaga

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12

230 Reykjavík

Sími 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

reykjanesbaer.is